

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

57. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn föstudaginn 29. apríl 2016 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 9:00.

Fundinn sátu: Ólafur Loftson og Guðbjörg Ragnarsdóttir, af hálfu KÍ. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Mat á kennsluferli kennara – 1605069SA

Niðurstaða:

Skólastjóri hefur staðfest skriflega í bréfi til samstarfsnefndar að framkomnar upplýsingar um kennsluferil viðkomandi kennara vegna tveggja starfsára við grunnskóla í Reykjavík hafi legið fyrir þegar hann kom til starfa hjá skólanum. Viðkomandi kennari á rétt á því að þessi tvö ár bætist við kennsluferilinn hans.

2. Erindi Verkefnisstjórnar um vinnumat vegna forfallakennslu sérkennara. – 1606033SA

Niðurstaða:

Samkvæmt grein 2.3.6. fá allir kennarar greitt álag vegna forfallakennslu í þeim tilvikum sem þeir bæta við sig bekkjardeild/námshóp samhliða eigin kennslu. Skólastjóri ráðstafar vinnu kennara til þeirra faglegu starfa sem starf grunnskólans kallar á. Í þeim tilvikum þegar kennsla kennara er felld niður og honum er falin kennsla annars hóps leiðir það ekki til viðbótargreiðslu samkvæmt grein 2.3.6.

3. Mat á kennsluferli vegna kennslu við skóla Sjöunda dags aðventista í Madison í Bandaríkjunum. – 1606034SA

Niðurstaða:

Málið rætt, afgreiðslu frestað. Samstarfsnefnd er sammála um að óskað verði álits ENIC, Matsskrifstofu háskólastigsins, um hvort skóli Sjöunda dags aðventista í Madison í Bandaríkjunum starfi eftir námskrám bandarískra menntayfirvalda sem teljast sambærilegar við íslenskar námskrár og reglugerðir.

4. Mat á kennsluferli vegna kennslu hjá tölvuskólanum Þekkingu/Promennt. – 1606035SA

Niðurstaða:

Ráðuneytið hefur hvorki veitt tölvuskólanum Þekkingu/Promennt viðurkenningu sem einkarekinn framhaldsskóli, skv. lögum um framhaldsskóla né sem fræðsluaðili, skv. lögum um framhaldsfræðslu. Þekking/Promennt hefur því ekki haft starfsleyfi sem byggir á námskrám og lögum sem gilda um leik- grunn- eða framhaldsskólastig. Þar af leiðir fæst kennsluferill við þennan skóla ekki metinn til launa.

5. Hvenær skal raða kennara í starfsheitið verkefnastjóri 1 eða 2. - 1606036SA

Niðurstaða:

Vísað er til fundargerðar 49. fundar frá 18. september 2015 þar sem eftirfarandi kemur fram:

Samstarfsnefnd er sammála um að hægt sé að fela kennara allt að 20% af starfi hans til að sinna verkefnisstjórn gegn því að vægi verkefna í B eða A þætti sé minnkað. Sé kennara falið að sinna verkefnisstjórn í 20% eða meira starfshlutfalli í heilt skólaár raðast hann í starfsheitið Verkefnisstjóri 1 eða 2. Jafnframt er heimilt að fela kennara tímabundna verkefnastjórn í skemmri tíma innan skólaársins gegn því að vægi verkefna í B eða A þætti sé minnkað þann tíma sem verkefnastjórn varir.

6. Hvaða greiðslufyrirkomulag á að viðhafa þegar kennarar vinna og ferðast með nemendum vegna þátttöku í Skólahreysti eða öðrum dagsferðum? – 1606037SA

Niðurstaða:

Málið rætt, afgreiðslu frestað.

7. Launaröðun kennara hjá sveitarfélagi og tilkynning vegna náms til launagreiðanda. - 1606038SA

Málið lítur að kennara sem fékk námsleyfi hjá Verkefna og námsstyrkjasjóði FG og SÍ með samþykki launagreiðanda. Þegar náminu lauk sendi hann gögn til Kennarasambandsins því til staðfestingar. Síðar kemur upp að að sveitarfélagið hafði ekki hækkað launin í samræmi við aukna menntun og var vísað til þess að menntunargögnum hafi ekki verið skilað sbr. skýringar við gr. 1.3.2 um viðbótarlaunaflokka vegna prófa og leyfisbréfa.

Niðurstaða:

Málið rætt, afgreiðslu frestað.

8. Önnur mál.

Enginn önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.